

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks

Ár 2023, fimmtudaginn 19. janúar var 52. fundur aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 10.03. Fundinn sátu: Unnur Þöll Benediktsdóttir, Þorkell Sigurlaugsson, Áslaug Inga Kristinsdóttir, Hallgrímur Eymundsson, Ingólfur Már Magnússon, Lilja Sveinsdóttir og Björgvin Björgvinsson. Eftirtaldir fulltrúar aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Rannveig Ernudóttir og Hanna Björk Kristinsdóttir. Eftirtaldir starfsmenn sátu fundinn: Valgerður Jónsdóttir og Þórdís Linda Guðmundsdóttir sat fundinn með rafrænum hætti.

Tómas Ingi Adolfsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 4. janúar 2023, sbr. samþykkt borgarstjórnar, dags. 3. janúar 2023, um kosningu borgarstjórnar í aðgengis- og samráðsnefnd. Rannveig Ernudóttir tekur sæti í stað Elísabetar Guðrúnar Jónsdóttur og Magnús Davíð Norðdahl tekur sæti sem varamaður í stað Rannveigar Ernudóttur. Unnur Þöll Benediktsdóttir er kosinn formaður nefndarinnar. MSS22060053

2. Fram fer kynning á Akstursþjónustu Pant. MSS23010146

Sturla Halldórsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Lagt fram fundadagatal aðgengis- og samráðsnefndar vor 2023. MSS21120141

4. Lagt fram að nýju erindi aðgengis- og samráðsnefndar varðandi takmarkað aðgengi að Waldorfsskólanum Sólstöfum, sbr. 3. lið fundargerðar aðgengis- og samráðsnefndar frá 17. nóvember 2022. Jafnframt er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 16. desember 2022. MSS22110112
Frestað.

5. Fram fer kynning á opnunartíma innisundlauga í Reykjavík. MSS22120007

Samþykkt að fela starfsfólki mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að vinna að birtingu upplýsinganna á myndrænan hátt á ytri vef Reykjavíkurborgar.

6. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Öryrkjabandalags Íslands vegna breytinga á fyrirkomulagi varðandi akstursþjónustu fatlaðs fólks, sbr. 3. lið fundargerðar aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks frá 15. desember 2022. MSS22120083

Samþykkt að fela formanni nefndarinnar að vinna drög að breytingartillögu um akstursþjónustu í samráði við fulltrúa aðgengis- og samráðsnefndar og starfsfólk mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Fundi slitið 11.38

Unnur Þöll Benediktsdóttir

Björgvin Björgvinsson
Ingólfur Már Magnússon
Hanna Björk Kristinsdóttir
Áslaug Inga Kristinsdóttir

Lilja Sveinsdóttir
Þorkell Sigurlaugsson
Hallgrímur Eymundsson
Rannveig Ernudóttir